

Íslenska 8. bekkur

Námsáætlun 2024-2025

Kennarar: Lís Margrét Kristjánsdóttir, Haukur Claessen og Mikael Rivera

Góð kunnátta í móðurmáli er meginundirstaða staðgóðrar menntunar. Þá er lestur mikilvægt tæki til að afla sér þekkingar og tjáning í ræðu og riti er ein af forsendunum fyrir þátttöku í samfélaginu. Markmið íslenskukennslu í grunnskóla er að gera nemendur hæfa til að tjá sig um mál og málfar, gera þá að betri málnotendum og glæða áhuga þeirra á móðurmálinu. Íslenskunámið skiptist í nokkra þætti; talað mál, hlustun og áhorf, lestur og bókmenntir, ritun og málfræði. Er unnið með þá þætti eina og sér og í samþættingu innan námsgreinarinnar og við aðrar námsgreinar. Leiðarljósið í kennslu móðurmálsins er að auðga orðaforða nemenda sem birtist jafnt í ræðu þeirra sem riti og vekja þá til umhugsunar um ábyrgð þeirra sem málnotenda (Aðalnámskrá, 2011/2013, bls. 97-100).

Birt með fyrirvara um breytingar.

	Námsþáttur/námsefni	Hæfniviðmið	Námsmat
Talað mál, hlustun og áhorf	Kveikjur - valin verkefni. Kvikmynd (Með allt á hreinu) Verkefni í tengslum við Kjalnesinga sögu	- Flutt mál sitt skýrt og áheyrilega og hefur tileinkað sér viðeigandi talhraða og fas, - Gert sér grein fyrir eðli góðrar framsagnar og framburðar og nýtt leiðbeiningar um framsögn, svo sem um áherslu, tónfall, hrynjandi og fas og lagað það að viðtakanda og samskiptamiðli á fjölbreyttan	Leiðsagnarmat

		hátt, m.a. með leikrænni tjáningu, - Nýtt aðferðir sem hann hefur lært til að taka virkan þátt í samvinnu, samræðum og rökraðum, tjáð skoðanir sínar með ýmsum hætti, rökstutt þær og valið þeim miðil sem hentar, - Hlustað, tekið eftir og nýtt sér upplýsingar í töluðu máli til fróðleiks og skemmtunar, einnig notið myndefnis, upplestrar, leikins efnis og tónlistar og gert grein fyrir skoðun sinni á viðkomandi efni, - Nýtt sér fjölmiðla, svo sem útvarp, sjónvarp, kvikmyndir og rafrænt efni, og tekið afstöðu til þess sem þar er birt, - Átt góð samskipti þar sem gætt er að máli, hlustun, tillitssemi, virðingu og kurteisi.	
--	--	---	--

Lestur og bókmenntir	Kjalnesinga saga lesin á haustönn. Ítarefni frá kennara. Þjóðsögur og ævintýri. Valdar smásögur. Valdir textar úr Sérðu það sem ég sé? eftir Önnu Steinunni Valdimarsdóttur og Ingibjörgu Sigtryggsdóttur Á vorönn verður lesin skáldsagan Grafarþögn eftir Arnald og unnin vinnubók í tengslum við hana. Unnið með grunnatriði í bragfræði. Valin ljóð. Sönglagatextar	-Lesið fjölbreyttan texta við hæfi með góðum hraða og af skilningi. -Myndað sér skoðun á því sem hann les. - Útskýrt helstu einkenni íslenskra þjóðsagna og ævintýra. - Greint nokkur bókmenntahugtök s.s. tími, sjónarhorn, umhverfi og persónur. -Lesið sér til ánægju og fróðleiks -Gert skil á helstu grunnþáttum óbundins máls. -Lesið og túlkað ljóð og texta sem hæfa aldri hans. -Þekkir helstu hugtök tengd bragfræði, svo sem ljóðstafi, rím, hrynjandi og takt svo og forliði og þríliði. - Búið til sitt eigið ljóð.	-Verkefnavinna/ einstaklings- og hópavinna. -Vinnubók. -Kannanir. -Verkefnavinna. -Könnun að vori.
--	--	--	--

Ritun	Dagbók að hausti Ýmis stutt ritunarverkefni frá kennara. Lengri ritunarverkefni unnið heima. Stafsetning eftir Árna Þórðarson og Gunnar Guðmundsson Stafsetningarhefti frá kennara. Ýmis verkefni/einblöðungar	-Tjáð hugmyndir sínar og skoðanir í rituðu máli. -Samið texta frá eigin brjósti. -Getur búið til grípandi fyrirsögn sem hæfir efni. Hefur góðan orðaforða og vandað málfar. Kann að búa til og getur skipt texta í máls- og efnisgreinar - Getur beitt helstu reglum um réttritun -Sýnt að hann hefur náð valdi á helstu atriðum stafsetningar og greinamerkjasetningar. -beitt stafsetningarreglum um lítinn og stóran staf -beitt stafsetningarreglum um n og nn -beitt stafsetningarreglum um -ng/-nk beitt stafsetningarreglum um y,ý,ey -notað villuleitarforrit til að fara yfir eigin texta	-Ritunarverkefni vetrarins metin með framfarir að leiðarljósi. -Nemendur búa til sína eigin þjóðsögu/ævintýri. -Kannanir. -Ritunarverkefni. - Upplestrar

Málfræði	Málið í mark - Fallorð Gagnvirkt efni á mms.is Efni frá kennara	-Gert sér góða grein fyrir gildi þess að beita eigin máli rétt, bæði í ræðu og riti. -Gert sér grein fyrir fjölbreytileika málsins. -Nefnt hvaða orðflokkar tilheyra fallorðum -Þekkt töluorð - Þekkt nafnorð og getur greint kyn, tölu og fall og fundið stofn þeirra - Þekkt lýsingarorð og getur greint kyn, tölu og fall og fundið stofn þeirra - Þekkt fornöfn og undirflokka þeirra og getur greint kyn, tölu og fall þeirra - Þekkt Smáorð/óbeygjanleg orð og nefnt hvaða orðflokkar teljast til óbeygjanlegra orða. - Þekkt nafnháttarmerki og einkenni þeirra - Þekkt upphrópunar merki og einkenni þeirra - Þekkt samtengingar og einkenni þeirra - Þekkt forsetningar og einkenni þeirra -Þekkt atviksorð og einkenni þeirra	- Kannanir eftir ákveðna námsþætti
-----------------	---	---	------------------------------------

